



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# FIMM SÖNGVAR Og SINFONÍA



11. MAÍ 2017

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

### Áætluð tímalengd verka:

Forleikur: 10'

Fimm söngvar: 22'

Sinfónía: 28'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

# GAMMA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# FIMM SÖNGVAR OG SINFÓNÍA

---

**John Storgårds**  
hljómsveitarstjóri

---

**Helena Juntunen**  
einsöngvari

---

---

**EFNISSKRÁ**

Fanny Mendelssohn-Hensel  
**Forleikur í C-dúr** (1832)

---

Hafliði Hallgrímsson

**Fimm söngvar fyrir sópran og hljómsveit, op. 52** (2014–15)

A verse from „The Ancyent Marinere“

De Profundis

Little Boy Lost

The Fly

Have you forgotten

---

**HLÉ**

Jean Sibelius

**Sinfónía nr. 6 í d-moll, op. 104** (1923)

Allegro molto moderato

Allegretto moderato


Poco vivace

Allegro molto

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



 @johnstorgards

# JOHN STORGÅRDS

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómveitarstjórinn John Storgårds er einn fjölmargra frábærra hljómveitarstjóra sem komið hafa frá Finnlandi á undanföllum áratugum. Hann er aðalgestastjórnandi BBC-fílharmóníuhljómveitarinnar sem og kanadíska Arts Centre-hljómveitarinnar í Ottawa og listrænn stjórnandi Kammerhljómveitarinnar í München og Kammerhljómveitar Lapplands. Storgårds er einnig eftirsóttur fiðluleikari og kemur reglulega fram sem slíkur.

Hann gegndi stöðu konsertmeistara Sinfóníuhljómveitar sænska ríkisútvarpsins á árunum 1988–1995 og sótti samhlíða starfinu tíma í hljómveitarstjórn hjá Jorma Panula og Eri Klas. Þá var hann aðalstjórnandi Fílharmóníuhljómveitarinnar í Helsinki frá 2008–15. Af helstu viðburðum í starfi Storgårds sem stjórnanda á yfirstandandi starfsári má nefna tónleika með BBC-fílharmóníuhljómveitinni á BBC-Proms og fyrstu heimsóknir til Gewandhaushljómveitarinnar í Leipzig, Frönsku Þjóðarhljómveitarinnar og Útvarpshljómveitarinnar í Berlín.

Meðal hljómveita sem Storgårds hefur unnið með er Sinfóníuhljómveitin í Birmingham, Sinfóníuhljómveit sænska útvarpsins og Fílharmóníuhljómveitin í New York. Þá stjórnar hann reglulega öllum helstu hljómveitum Norðurlanda.

Á verkalista Johns Storgårds eru meðal annars allar sinfóníur Sibelíusar, Nielsens, Bruckners, Brahms, Beethovens og Schumanns. Hann hefur stjórnað Fílharmóníuhljómveitinni í Helsinki í „Schubert-hring“ með öllum sinfóníum Vínar-meistarans og í sögulegum „Mozart-hring“ flutti hann allar 54 sinfóníur Mozarts með Kammerhljómveit Lapplands. Í óperuhúsum hefur Storgårds stjórnað flestum óperum Mozarts og helstu óperum Richards Strauss og Verdis svo dæmi séu tekin.

Af fjölmörgum geisladiskum Storgårds má nefna heildarútgáfur á sinfóníum Sibelíusar og Nielsens fyrir Chandos-útgáfuna og geisladisk með verkum eftir Einojuhani Rautavaara sem var tilnefndur til Grammy-verðlauna og hlaut Gramophone-verðlaun árið 2012. Þá hlaut Storgårds ECHO Klassik-verðlaunin árið 2015 fyrir hljóðritun á konsertum fyrir theremin (rafmagnshljóðfæri frá fyrri hluta síðustu aldar) og horn eftir Kalevi Aho. Þá ber að nefna hljóðritun á verkum Hafliða Hallgrímssonar fyrir Ondine-útgáfuna.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

John Storgårds er nú í annað sinn gestur Sinfóníuhljómveitar Íslands en hann kom fyrst í nóvember 2012 og stjórnaði tónleikum sem báru yfirskriftina Þrír konsertar og sinfónía. Á tónleikunum var verk Hauks Tómassonar, Höfuðskepnur, konsert fyrir hljómveit, frumflutt. Þá lék Christian Tetzlaff báða fiðlukonserta Karols Szymanowski en tónleikunum lauk á 7. sinfóníu Sibelíusar.



# HELENA JUNTUNEN

## EINSÖNGVARI

Finnska sópransöngkonan Helena Juntunen hóf söngnám hjá Airi Tokola í Oulu-konservatóríinu 15 ára gömul. Hún lauk síðar meistaraþrófi frá Sibeliusakademíunni þar sem aðalkennari hennar var Anita Välkki. Atvinnumannsferill hennar hófst þegar hún söng hlutverk Margrétar í óperunni Fást eftir Gounod á óperuhátíðinni í Savonlinna í Finnlandi árið 2002. Hún söng sama hlutverk í Connecticut-óperunni í Bandaríkjunum ári síðar og þreytti á sama starfsári frumraun sína í Genova sem frú Cortese í óperunni *Ferðin til Reims* eftir Rossini, sem Zdenka í óperunni *Arabella* eftir Richard Strauss og í hlutverki Páminu í *Töfraflautu* Mozarts. Þessu til viðbótar hélt hún sína fyrstu tónleika í Carnegie Hall í New York haustið 2003 og í framhaldinu í Tókýó.

Helena Juntunen hefur verið fastagestur Finnsku Þjóðar-óperunnar síðan 1999 og sungið fjölmörg hlutverk í helstu óperuhúsum austan hafs og vestan. Auk hlutverka sem áður er getið hefur hún m.a. sungið hlutverk greifynjunnar í *Brúðkaupi Fígarós* eftir Mozart, Mimi í *La Bohème* eftir Puccini, Marie í *Wozzeck* eftir Alban Berg og Tatjónu í *Évgení Onegin* eftir Tsjajkovskij. Þá hefur hún sungið leiðandi hlutverk í nútímaóperum svo sem *Anna Liisa* eftir Veli-Matti Puumala og *Pubdistus* eftir eistneska tónskáldið Jüri Reinvere.

Helena Juntunen hefur komið fram sem einsöngvari með mörgum helstu hljómsveitum, þar á meðal Berlínarfilharmóníunni, Konunglegu filharmóníunni í Stokkhólmi og BBC-sinfóníuhljómsveitinni í Lundúnum og unnið með hljómsveitarstjórum á borð við Esa-Pekka Salonen, Osmo Vänskä og Hannu Lintu.

Juntunen hefur sungið inn á fjölda hljómdiska. Svo fátt eitt sé nefnt hefur hún flutt ljóð eftir Leevi Madetoja og sungið í heildarútgáfum á óperum Rautavaaras *Aleksis Kivi* og *Auringon talo* (*Hús sólarinnar*) fyrir Ondine-útgáfuna. Þá hljómar rödd hennar í tónaljóðinu *Luonnotar* eftir Sibelius sem og í heimsfrumflutningi á hljómsveitargerð sönglaga hans *Höstkväll* (*Haustkvöld*) og *Hertig Magnus* (*Magnús hertogi*) á BIS-hljómdiski undir stjórn Osmos Vänskä.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Helena Juntunen hefur einu sinni áður sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands en það var í febrúarbyrjun árið 2012. Þá söng hún Sieben frühe Lieder eftir Alban Berg undir stjórn Osmos Vänskä. Hitt verkið á efnisskránni var 6. sínfónía Mahlers og báru tónleikarnir yfirskriftina Osmo stjórnar Mahler. Í febrúar síðastliðnum frumfluttu Helena Juntunen og John Storgárds ásamt Skosku kammersveitinni Fimm söngva eftir Hafliða Hallgrímsson.



# FANNY MENDELSSOHN

## FORLEIKUR Í C-DÚR

**F**anny Mendelssohn (síðar Hensel) (1805–1847) fæddist í Hamborg en ólst upp í Berlín ásamt yngri systkinum sínum Felix, Rebecku og Paul. Foreldrar þeirra, Abraham Mendelssohn-Bartholdy og kona hans Lea sem voru vel stæð og miklir listunnendur, hlúðu vel að menntun barnanna. Óvenjumiklir tónlistarhæfileikar tveggja elstu barnanna komu snemma í ljós og fengu þau á unga aldri tilsögn bestu fáanlegra tónlistarkennara. Tíðarandinn gerði þó upp á milli systkinanna og meðan Felix fékk tækifæri til að ferðast og reyna fyrir sér sem píanisti og hljómsveitarstjóri, var Fanny strax á unglingsárum minnt á væntanlegar skyldur sínar sem eiginkona og móðir.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur verk eftir Fanney Mendelssohn.

Um 1820 stofnaði Abraham Mendelssohn til reglulegra tónleika í húsi sínu sem hann nefndi „Sonntagsmusiken“ eða „Sunnudagstónlist“. Tónleikarnir voru haldnir alla sunnudagsmorgna kl. 11:00 og stóðu í þrjár klukkustundir og sótti húsbóndinn flytjendur í raðir hirðhljómsveitarinnar. Þetta gaf systkinunum Felix og Fanny tækifæri til að flytja þekkt verk en einnig eigin tónsmíðar frammi fyrir völdum áheyrendahópi. Árið 1831 tók Fanny, sem þá var orðin frú Hensel, við tónleikahaldinu og heyrðust mörg verka hennar í framhaldinu á ættarsetrinu. Voru þetta píanóverk, sönglög, dúettar, tríó og kórlög en einnig stærri verk hennar — *Hero* og *Leander* fyrir sópran, píanó og hljómsveit, kantöturnar *Hiob* og *Lobgesang* og forleikurinn í C-dúr.

Á árunum 1839–40 ferðaðist Hensel-fjölskyldan um Ítalíu þar sem hún kynntist mörgum þekktum tónlistarmönnum. Einn þeirra var hinn ungi Charles Gounod sem lýsir Fanny svo í endurminningum sínum: „Frú Hensel var hámenntaður tónlistarmaður [...]. Þrátt fyrir að vera smávaxin og grönn var hún stórgáfuð kona og full af orku sem sem skein út úr djúpum, leiftrandi augum hennar. Þá var hún gífurlega hæfur píanisti...“.

Eftir heimkomuna frá Ítalíu samdi Fanny Hensel sitt merkasta píanóverk, ævisögulega hringinn *Das Jahr* (1841) sem lýsir öllum mánuðum ársins í tónum en samtals urðu tónverk hennar hátt í fimm hundruð talsins.



# HAFLIÐI HALLGRÍMSSON

## FIMM SÖNGVAR FYRIR SÓPRAN

**H**aflíði Hallgrímsson (f. 1941) hefur átt óvenjulega fjölbreyttan og viðburðaríkan feril bæði sem sellóleikari og tónskáld. Hann lauk burtfararprófi í sellóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1962 og fimm árum síðar lokaprófi frá í Royal Academy of Music í London þar sem hann debúteraði í Wigmore Hall með einleikstónleikum árið 1971.

Árið 1967 bauðst honum staða í Haydn strengjatríoínu og varð hann fljótlega upp frá því eftirsóttur sem þátttakandi í vel þekktum kammerhópum og kammerhljómsveitum Lundúna, m.a. English Chamber Orchestra, Menuhin Festival Orchestra og Monteverdi Orchestra.

Hafliði hefur allan sinn feril tekið þátt í flutningi á nýrri tónlist og var um árabíl meðlimur í New Music Group of Scotland og Icelandic Canadian Ensemble.

Árið 1977 tók Hafliði við stöðu fyrsta sellóleikara í Scottish Chamber Orchestra sem starfaði á þeim árum með miklum blóma og lék árlega á Edinborgarhátíðinni og var þrjár sinnum staðarhljómsveit á tónlistarhátíðinni í Aix-en-Provence. Árið 1982 sagði hann upp stöðu sinni til að helga sig svo til eingöngu tónsmíðum sem hann hafði stundað meðfram sellóleiknum allt frá unglingsárum. Hann stofnaði Mondrian-tríoíð í Edinborg sem lék aðallega í Skotlandi og hafði fasta tónleikaröð í Queen's Hall í Edinborg í nokkur ár.

Hafliði stundaði nám í tónsmíðum hjá Elizabeth Luthyens, Dr. Alan Bush og Sir Peter Maxwell Davies. Tónsmíðar hans hafa verið leiknar víða um heim og eru þær nú ríflega hundrað talsins.

Hann hefur fengið ýmsar viðurkenningar fyrir tónverk sín, m.a. fyrstu verðlaun í alþjóðlegu Viotti-tónlistarkeppninni á Ítalíu og önnur verðlaun í Wieniawsky-keppninni í Póllandi. Þá hlaut hann Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1986 fyrir fiðlukonsertinn *Poemi*.

Hafliði hefur í tvígang verið staðartónskáld Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur í gegnum tíðina flutt á annan tug verka Hafliða Hallgrímssonar á áskrifartónleikum. Fyrsta verkið var Hoa-Haka-Nana-la fyrir klarínettu og hljómsveit sem hljómaði í Háskólabíói 2. desember 1976 í meðförum Gunnars Egilson klarínettuleikara og hljómsveitarinnar undir stjórn Páls P. Pálssonar. Síðast heyrðist fiðlukonsert Hafliða op. 46 í Eldborg 14. mars 2013. Konsertinn skrifaði Hafliði fyrir breska fiðluleikarann Jennifer Pike og flutti hún verkið ásamt Sinfóníuhljómsveitinni en stjórnandi var Svisslendingurinn Baldur Brönnimann.

Um tónverk sitt segir Hafliði:

„Ljóðin fimm sem urðu fyrir valinu fyrir sönglagaflokkinn eru eftir William Blake (1757–1827), Christinu Rossetti (1830–1894) og Samuel Taylor Coleridge (1772–1834). Ljóðin eiga það öll sameiginlegt, að þau vitna til og hugleiða hvert þeirra á sinn hátt, hinar margslungnu tilfinningar mannsins gagnvart eigin tilveru, og listinni að lifa.

Fyrsta ljóðið, er örstutt brot úr ljóðabálknum *The Ancyent Marinere* eftir Samuel Taylor Coleridge, og lýsir frelsisþrá og upphafningu sjófarans, sem leggur aleinn upp í dramatíska sjóferð um heimsins höf til að svala þrá sinni í leit að ævintýrum.

Annað ljóðið, *De Profundis* (Christina Rossetti), hugleiðir þrá mannsins til að ná til fjarlæggra stjarna í himinhvelinu og harmar þá jarðbundna fjötra hans sem koma í veg fyrir draumkennt flug út í himingeiminn til að geta rannsakað leyndardóma hans.

Þriðja ljóðið, *Little Boy Lost* eftir William Blake, lýsir trú mannsins á þá mynd af Guði sem hann hefur sjálfur skapað, en Blake, sem var djúpt andlega sinnaður, taldi þá mynd þröngsýna og alls ófullnægjandi og manningnum aðeins til ama. Í þessu ljóði er sá Guð túlkaður sem „faðirinn“ en litli drengurinn sem mannkynið, sem aldrei nær að haldast í hendur við þessa sköpun sína, og heldur þess vegna áfram að fara „villu vegar“ eins og Blake túlkaði það.

Fjórða ljóðið, *The Fly*, einnig eftir Blake, minnir á tilfinningaleysi og hroka mannsins gagnvart náttúrunni, sem hann í flestum tilfellum umgengst sem eigin eign sem hann vill drottna yfir, og er til orðin að hans mati, einungis til að sinna þörfum hans.


Fimmta ljóðið, *Have you forgotten* (Christina Rossetti), minnir á djúpa þörf mannsins til að elska og vera elskaður, en um leið á hinn fallvalta draum hans um fullkomna og eilífa ást og þau vonbrigði, sem þessum óraunsæja draumi fylgir.

Hlutverk hljómsveitarinnar er margþætt og margslungið, þar sem áhersla er lögð á að kalla fram viðeigandi litbrigði og form, sem ætlað er að auka áhrif ljóðanna.

Form og litbrigði hljómsveitarinnar í hverju sönglagi, eiga rætur sínar beint og óbeint í formi, stemmningu og sérkennum hvers ljóðs, og innstu meiningu þeirra, eins og ég hef skynjað hana.

Verkið er samið til minningar um bróður minn Guðmund Hallgrímsson.“





# JEAN SIBELIUS

## SINFÓNÍA NR. 6

**S**jötta símfónía Sibeliussar (1865–1957) er stundum kölluð „öskubuskan“ í röð hljómkviða finnska meistarans vegna þess hversu sjaldan hún ratar inn á efnisskrár símfóníu-hljómsveita. Símfónían á tvímælalaust betra skilið því að hún er með afbrigðum innihaldsrík og ber í ríku mæli helstu tónsmíðaeinkenni höfundarins.

Fyrstu drög að verkinu ná allt aftur til ársins 1914 þegar Sibelius vann að fimmtu símfóníunni. Upphaflega átti sú sjötta að verða hamslaus og tilfinningaþrungin með ofsafengnum lokakafla en þessar áætlanir breyttust í sköpunarferlinu. Lýsti tónskáldið símfóníunni síðar sem rólegri í megindráttum enda er yfirbragð hennar í heild bjartara en í hinum símfóníunum og laus við mikil átök. Sibelius dró ekki fjöður yfir þessa staðreynd og það var í tengslum við hana sem hann hnýtti aðeins í kollega sína, móðernistana (kannski einkum Stravinskíj) og sagði, að meðan þeir væru á eftirstríðsárunum að hrista upp litríka kokteila, byði hann upp á hreint uppsprettuvatn.

Þó að símfónían sé sögð vera í d-moll er tóntegund hennar í raun dórísk (hvítu nóturnar á hljómborði frá D til D). Hún hefst á hægum inngangi, kyrrlátu stafi í strengjum sem minnir á sálm og síðan bætast hin hljóðfærin smám saman í hópinn. Meginhluti kaflans hefur gáskafullt yfirbragð þar sem stefin koma fyrir aftur og aftur en í breyttri mynd hverju sinni. Undir lok kaflans breytist stemningin með innkomu hornanna og tónlistin verður þenkjandi. Þessi stemning heldur áfram í næsta kafla en gjörbreytist og tekur á sig glaðværa mynd í aðdraganda þriðja kaflans sem er eins konar gletta og flæðir áfram af óstöðvandi krafti frá byrjun til enda. Upphaf lokakaflans minnir á tónlist endurreisnartímans en í framvindunni gefur að heyra kunnugleg stef, einkum úr fyrsta kafla símfóníunnar, þó með efnis- og tilkomumeiri áferð.

Jean Sibelius stjórnaði sjálfur Fílharmóníuhljómsveitinni í Helsinki við frumflutning á sjöttu símfóníunni þann 19. febrúar 1923.

*Sigurður Ingvi Snorrason*

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sjötta símfónía Sibeliussar hefur aðeins einu sinni áður verið flutt á áskriftartónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands, nánar tiltekið á tónleikum í Háskólabíói 5. febrúar 1998. Stuttu síðar var hún svo hljóðrituð fyrir Naxos-útgáfuna. Haustið 2008 var símfónían leikin tvisvar sinnum opinberlega, fyrst á opinni æfingu og svo á aukatónleikum í aðdraganda Japansferðar sem aldrei var farin. Í öll þessi skipti stjórnaði Petri Sakari flutningi hljómsveitarinnar.

*A verse from „The Ancyent Marinere“*

Swiftly, swiftly flew the ship,  
Yet she sailed softly too:  
Sweetly, sweetly blew the breeze —  
On me alone it blew.

*Samuel Taylor Coleridge*

*De Profundis*

Oh why is heaven built so far,  
Oh why is earth so remote?  
I cannot reach the nearest star  
That hangs afloat.

I would not care to reach the moon,  
One round monotonous of change;  
Yet even she repeats her tune  
Beyond my range.

I never watch the scatter'd fire  
Of stars, or sun's far-trailing train,  
But all my heart is one desire,  
And all in vain:

For I am bound with fleshly bands,  
Joy, beauty, lie beyond my scope;  
I strain my heart, I stretch my hands,  
And catch at hope.

*Christina Rossetti*

*Little Boy Lost*

Father, father, where are you going  
O do not walk so fast.  
Speak father, speak to your little boy  
Or else I shall be lost.

The night was dark no father was there  
The child was wet with dew.  
The mire was deep, and the child did weep  
And away the vapour flew.

*William Blake*

*Visa úr „Aldna sjóaranum“*

Hratt, hratt flaug skipið,  
en sigldi mjúklega þó:  
Ljúflega, ljúflega blés golan —  
hún blés á mig einan.

*Úr djúpinnu*

Ó hví er himinninn reistur svona fjarri,  
ó hví er jörðin svo langt þar frá?  
Ég get ekki seilt til nálægustu stjörnu  
sem hangir á sveimi.

Ég kæri mig ekki um að ná til tunglsins,  
ein kringla með einhæfri fábreytni;  
og jafnvel það endurtekur lagið sitt í sífellu  
utan minnar seilingar.

Ég horfi aldrei á dreifðan eld  
stjarnanna, né langförla lest sólarinnar,  
en allt hjarta mitt er aðeins ein löngun,  
og öll til einskis:

Því að ég er bundin holdsins böndum,  
gleði, fegurð eru utan míns svigrúms;  
ég þyngi hjarta mínu, teygji fram hendurnar,  
og reyni að grípa vonina.

*Týndi litli drengurinn*

Faðir minn, faðir minn, hvert ertu að fara,  
æ gakkstu ekki svona hratt.  
Talaðu, pabbi, talaðu við litla drenginn þinn  
því að annars týnist ég.

Nóttinn var dimm, enginn faðir var nærri,  
barnið var vott af döggi,  
mýrin var djúp, og barnið grét,  
og þokan hún flaug á burt.

### *The Fly*

Little Fly,  
Thy summer's play  
My thoughtless hand  
Has brushed away.

Am not I  
A fly like thee?  
Or art not thou  
A man like me?

For I dance  
And drink, and sing,  
Till some blind hand  
Shall brush my wing.

If thought is life  
And strength and breath  
And the want  
Of thought is death;

Then am I  
A happy fly,  
If I live,  
Or if I die.

*William Blake*

### *Have you forgotten*

Have you forgotten how one Summer night  
We wandered forth together with the moon,  
While warm winds hummed to us a sleepy tune?  
Have you forgotten how you praised both light  
And darkness; not embarrassed yet not quite  
At ease? and how you said the glare of noon  
Less pleased you than the stars? but very soon  
You blushed, and seemed to doubt if you were right.  
We wandered far and took no note of time;  
Till on the air there came the distant call  
Of church bells: we turned hastily, and yet  
Ere we reached home sounded a second chime.  
But what; have you indeed forgotten all?  
Ah how then is it I cannot forget?

*Christina Rossetti*

### *Flugan*

Litla fluga,  
sumarleik þinn  
hefur skeytingarlaus hönd mín  
strokið í burt.

Er ég ekki  
fluga eins og þú?  
Og ert þú ekki  
maður eins og ég?

Því að ég dansa  
og drekk og syng,  
þar til einhver blind hönd  
strýkur væng minn.

Ef hugsun er líf  
og styrkur og andardráttur,  
og skortur  
á hugsun er dauði;

Þá er ég  
hamingjusöm fluga  
ef ég lifi,  
eða ef ég dey.

### *Hefur þú gleymt*

Hefur þú gleymt hvernig við gengum  
eina sumarnótt í fylgd með mánanum,  
meðan hlýir vindar söngluðu til okkar syfjulegt lag?  
Hefur þú gleymt hvernig þú dásamaðir bæði ljós  
og myrkur; ekki vandræðalegur, en samt ekki alveg  
feimnislaus? Og hvernig þú sagðir að hádegisbirtan  
félli þér síður en stjörnurnar? En svo roðnaðir þú  
skyndilega og virtist efa að þú hefðir lög að mæla.  
Við gengum langt og hugðum ekki að tímanum;  
þar til okkur barst með golunni fjarlægt kall  
frá kirkjuklukkum; við snerum skjótt við, og samt  
hljómaði önnur hringing áður en við náðum heim.  
En hvað; hefurðu í raun og veru gleymt þessu öllu?  
Æ hvers vegna er það þá að ég get ekki gleymt?

*Reynir Axelsson þýddi*

Á DÖFINNI

FIM 18 MAI 19:30



## CARMEN-FANTASÍA

Í Carmen-fantasíunni eftir spænska fiðlusnillinginn Sarasate er að finna öll vinsælustu stefin úr óperu Bizets. Hollenski fiðluleikarinn Simone Lamsma leikur *Carmen*-fantasíuna og einnig hið ljúfa og ljóðræna *Poème*. Lamsma hefur vakið mikla athygli síðustu ár fyrir leik sinn og gagnrýnendur hafa dáðst að „ægifögurum, fágúðum og tjáningarríkum“ leik hennar. Fyrri hluti tónleikanna er helgaður frönskum tónskáldum en eftir hlé verður haldið lengra suður. *Capriccio italien* er eitt vinsælasta hljómsveitarverk Tsjaikovskíjs og kætinn er í fyrirrúmi í spænskum morgunsöng Ravels sem er eitt hans glæsilegasta hljómsveitarverk. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.

FIM 26 MAI 19:30



## IBRAGIMOVA SPILAR BRAHMS

A lina Ibragimova er einn áhugaverðasti fiðluleikari sem komið hefur fram á sjónarsviðið síðustu ár. Hún leikur jöfnum höndum barokktónlist og nútímaverk og var staðarlistamaður Proms-tónlistarhátiðarinnar árið 2015. Fiðlukonsert Brahms er meðal þeirra verka hans sem oftast eru flutt, enda nær hann hér fullkomnu jafnvægi milli hins blíða og kraftmikla, hins háfleyga og jarðbundna. Sjaldan hefur eitt tónskáld átt jafn mikið undir viðtökum einnar tónsmíðar og þegar fimmta símfónía Dmítríjs Sjostakovítsj var frumflutt í Leníngrad árið 1937. Margir telja símfóníuna einhverja þá mögnuðustu sem samín var á 20. öld. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.

FOS 09 JÚN 12:00



## HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ RUMON GAMBA

Í júní 2017 mun SÍ hljóðrita disk með verkum sænska tónskáldsins Dags Wirén fyrir Chandos-útgáfuna. Af því tilefni verða haldnir hádegistónleikar í Eldborg þar sem áheyrendum gefst færi á að kynnast Serenöðu fyrir strengi, vinsælasta verki Wiréns, og Símfóníu nr. 3. Hljómsveitarstjóri er Rumon Gamba. Ókeypis inn og allir velkomnir.

---

# NÝIR DISKAR FRÁ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## RECURRENCE

Nýr diskur með íslenskum hljómsveitarverkum í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er kominn út. Bandaríska útgáfufyrirtækið Sono Luminus annaðist upptökurnar og Daníel Bjarnason, staðarlistamaður Sinfóníunnar, stjórnaði hljómsveitinni.

Á disknum Recurrence má heyrna *Dreaming* eftir Önnu Þorvaldsdóttur, *Aequora* eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, *BD* eftir Hlyn A. Vilmarsson, *Flow & Fusion* eftir Þuríði Jónsdóttur og *Emergence* eftir Daníel Bjarnason.



## CHORALIS

Finnnska útgáfufyrirtækið Ondine gaf út diskinn Choralis með hljómsveitarverkum Jóns Nordals í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðasta haust. Á disknum er að finna fimm verk eftir Jón; *Choralis*, *Adagio*, *Langnætti*, *Epitafíon* og *Leiðslu*.

Upptökurnar fóru fram í Eldborg í ágúst 2015 undir stjórn sænska hljómsveitarstjórans Johannesar Gustavsson. Þær voru samstarfsverkefni Ondine, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins.



Diskarnir eru á kynningartilboði hjá Smekkleysu, fyrir framan Eldborg, fyrir tónleikana og í hléi.

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

11. MAÍ 2017

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Pascal La Rosa  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Andrzej Kleina  
Ágústa María Jónsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Vera Panitch  
Þórdís Stross  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Roland Hartwell  
Ingrid Karlsdóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Christian Diethard

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Daniel Schmitt  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Sarah Buckley  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir  
Kathryn Harrison  
Móeiður Anna Sigurðardóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Júlia Mogensen  
Margrét Árnadóttir  
Lovísa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir

## ÓBÓ

Felicia Greciuc  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Leendert Booyens

## HORN

Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin  
Nicolai Frey

## TROMPET

Einar St. Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## HARPA

Katie Buckley

## RAFMAGNSPÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steeff van Oosterhout

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



**Pálína:** Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttir, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á, Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systrum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjöldamargra ára.

*GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.*

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)

